


FRIÐÞJÓFUR Á GEIMFLAKKI

Eftir: Sunnu Stellu Stefánsdóttur
6 ára nemandi í grunnskólanum á Hellu
Aðstoð: Stefanía Björgvinsdóttir

Leikritið *Friðþjófur á geimflakki* vann leikritasamkeppnina Krakkar skrifa leikrit. Um er að ræða samstarfsverkefni Borgarleikhússins og RÚV þar sem krakkar, annars vegar á aldrinum 6–10 ára og hins vegar 11–12 ára, voru beðin um að skrifa leikrit. *Tölvuvírusinn* eftir Iðunni Ólöfu Berndsen vann í flokki 11–12 ára. Leikritið er einnig á vef mms.is, í Leikritasmiðjunni, undir Miðstig.



PERSÓNUR

Brandur (ormur)

Stóri bróðir Brands

Rannsóknarmaður 1 (líkist hesti)

Rannsóknarmaður 2 (líkist kú)

Mína (afar lík sauðkind)

Friðþjófur (hákarl með lappir)

Bolli (líkist rostungi)

Nóla (líkist kanínu)

Vísindamaðurinn Halli

Amma (gömul kona í ruggustól)

Mamma Brands

Krakki 1

Krakki 2

Krakki 3

... og aðrir krakkar

Rétt fyrir utan bæinn Markettis er búið að loka allt af með girðingum af öllum stærðum og gerðum. Marglitu ljósin sem sjúgast inn í holið handan við girðingarnar eru afar fögur en þangað þora fáir að fara. Heyrnarlaus ormur að nafni Brandur hvarf sporlaust ofan í holið fyrir viku síðan. Brandur hafði verið að leika sér með boltann sinn sem skoppaði of langt og stóri bróðir hans hafði horft á hann hverfa ... rannsókn er í fullum gangi en ekki gengur vel að greina þetta skrítna fyrirbæri.

Rannsóknarmennirnir líkjast hesti og kú.

Rannsóknarmaður 1: Ja, ekki veit ég hvernig við eigum að taka á þessu ástandi.

Rannsóknarmaður 2 (hlær): Mér datt í hug að senda þig í gegn með reipi, ertu til í að prófa það?

Rannsóknarmaður 1: Ég? Ó nei, það er ekki að fara að gerast, kannski ættir þú bara að drífa þig?

(Holið byrjar að sjúga rannsóknarmennina til sín)

Rannsóknarmaður 2: Hvað er að gerast?

Rannsóknarmaður 1: Komum okkur í burtu héðan!

(Þeir hlaupa í burtu frá holinu)

Rannsóknarmaður 2: Aumingja Brandur, hann á ekki marga möguleika á að komast aftur heim með okkar aðstoð.

Rannsóknarmaður 1: Þetta er of stórt, of óskiljanlegt í augnablikinu.

Rannsóknarmaður 2: Já, við erum búnir að eyða of miklum tíma í ekki neitt, við verðum að ræða næstu skref með bæjarstjóranum, komdu!

Sama dag í skólanum í Markettis.

*Skólabjallan hringir og Friðþjófur (sem líkist hákarli með lappir)
sest við hliðina á bestu vinkonu sinni henni Mínu
(sem er afar lík sauðkind).*

Mína: Sæll Friðþjófur.

Friðþjófur: Sæl Mína.

Mína: Hvernig gekk að komast inn í ofurhetjukulúbbinn í gær?

Friðþjófur: Ég ... Uuu ... Æ, ég uuu ...

Mína: Eru þeir enn þá að stríða þér?

Friðþjófur: Hvað meinarðu?

Mína: Æ, ég veit mjög vel hvað þau geta verið agalega andstyggileg.

Friðþjófur: Já, en ef ég get sýnt þeim nýja súper sónik stökkið mitt þá kemst ég ábyggilega í klúbbinn.

Mína: Já, eða bara sleppt því og klárað kafla tvö af köngulær í geimnum með mér?

(Friðþjófur ranghvolfir augunum)

*Frímínúturnar byrja og Friðþjófur sér ofurhetjukulúbbinn
á leiðinni á stökkpallinn. Hann ákveður að taka tilhlaup
og hoppa beint af pallinum.*

Friðþjófur (æpir): Friðþjófur kynnir fyrir ykkur súper sónik stökkið miklaaa!

... aaaaaaaaaa

(Friðþjófur dettur beint á nefið eftir stökkið)

Ofurhetjuhópurinn skellihlær.

(Friðþjófur horfir með skelfingarsvip á hópinn og röltir yfir)

Friðþjófur: Ansans, þetta tókst mun betur þegar ég var einn.

Bolli (líkist rostungi): Friðþjófur minn, þér var hafnað þá og þér verður hafnað aftur.

Nóla (líkist kanínu): Þú ert bara ekki nógu góður í okkar hóp ...
Reyndu aftur eftir – MILLJÓN ár!

(Hópurinn hlær)

*Friðþjófur verður afar vandræðalegur og fer í burtu.
Mína reynir að hughreysta hann.*

Mína: Æ, Friðþjófur, ekki hlusta á þau, þetta var mjög flott hjá þér.

Friðþjófur: Æ, ég er ómögulegur.

Mína: Láttu ekki svona, Friðþjófur.

Friðþjófur: Ég myndi óska þess að ég væri annars staðar en á þessum ömurlega stað.

Mína: Og hvað? Viltu kannski enda eins og Brandur ormur sem hvarf sporlaust?

Friðþjófur: Af hverju ekki, mér er alveg sama.

(Sparkar stein og strunsar burt)

Mína (æpir á eftir honum): Friðþjófuuuuur!

(Friðþjófur fer beint út úr skólanum og gengur og gengur)

Friðþjófur: Af hverju get ég ekki verið eins og allir hinir? Ég klúðra öllu sem ég reyni að gera rétt, ég var alveg viss um að súper sónik stökkið mitt myndi takast.

*Áður en hann veit af er hann kominn út fyrir Markettis.
Hann tekur eftir því að hann er aleinn og það er komin þoka.
Skyndilega heyrir hann skrítið hljóð, svolítið eins og suð.*

*Hann lítur í kringum sig og sér dularfullt grænt ljós.
Hann gengur að því og sér skrítna holið.*

Friðþjófur: Váááá, skrítna holið, sem allir eru hræddir við, af hverju er enginn hérna?!

Friðþjófur myndi aldrei getað hugsa sér að fara nálægt holinu enda var það stranglega bannað. En að fylgjast með og horfa á gerði hann djúpt hugsi.

Friðþjófur: Þetta er svo róandi.

(Friðþjóf syfjar)

Áður en hann veit af dottar hann en vaknar við soghljóð upp úr holinu. Hann sogast að því.

Friðþjófur: Ó, nei ... Ó, nei, nei, ekki í dag.

Eins og dagurinn hefði ekki verið nógu slæmur þá verður sogið sterkara og sterkara.

Búmm, bamm, ping, pang. Og Friðþjófur sogast inn í holið með miklum látum.

Vísindamaðurinn Halli stendur fyrir framan ker.

(Friðþjófur dettur beint ofan í ker með bláum vökva)

Vísindamaður: Mér tókst það, mér tókst það, mér tókst þaaaaað.

Friðþjófur: Bwabwabwwaaabwaa!

(Vísindamaðurinn ýtir á nokkra takka)

Vísindamaður: En núna, skrítna vera?!

Friðþjófur: Bwaaaaannnahvaabaaa

(og nokkra takka í viðbót)

Vísindamaður: Núna?!

Friðþjófur: HVA, HVAR ER ÉG?!

Vísindamaður: Ó, núna detta mér allar dauðar lýs úr hári. Ekki hefur mér bara tekist að flytja stærðarinnar skepnu hingað en einnig get ég skilið þig.

(Friðþjófur klórar sér í hausnum)

Vísindamaðurinn ýtir á enn annan hnapp.

Vísindamaður: Skilur þú mig?

Friðþjófur: Já, auðvitað skil ég þig, af hverju ætti ég ekki að gera það?

Vísindamaður: Velkominn á vísindastofu Halla.

Friðþjófur: Vísindastofu?! Hvað er nú það og hvað ert þú eiginlega?

Halli: Já, það er nú það (hugsar sig aðeins um) skiptir svo sem ekki máli hvað ég er en sjáðu þetta til dæmis.

*Halli sullar og hellir í nokkur glös og út kemur mikill reykur,
loks hellir hann ofan á stóran flatan disk og loks sést
mynd af afar fallegri plánetu.*

Halli: Þekkir þú þennan stað?

Friðþjófur: Já, þarna á ég heima.

(Halli hlær og klappar)

Halli: Ég vissi það!

(Halli biður Friðþjóf um að setja á sig kúlu yfir hausinn sem full er af bláum vökva)

Halli: Jæja, þú ættir ekki að vera í neinum vandræðum með að anda annars staðar en hérna. En svona áður en haldið verður af stað hvað heitir þú?

Friðþjófur: Friðþjófur heiti ég og mig langar að verða ofurhetja.

(Halli klórar sér í hausnum)

Halli: Já, nú er ég svo aldeilis hissa, ekki bara ertu gáfaður heldur ertu líka með stóra drauma. Ertu með einhverja ofurhetju krafta?

(Halli verður djúpt hugs)

Friðþjófur: Já, ég get gert súper sónik stökkið.

Halli: Má ég sjá?

Friðþjófur (vandræðalegur) Ég ... get það ekki núna.

(Halli hlær við)

Halli: Er það svo?

(Halli brosir)

Halli: Komdu, Friðþjófur, ég ætla að sýna þér svolítið.

(Halli leiðir Friðþjóf upp tröppur, í gegnum nokkra ganga og inn í eldhús. Þar situr gömul kona í ruggustól)

Halli: Friðþjófur leyfðu mér að kynna fyrir þér ömmu mína.

Amma: Je minn eini, þú hefur fundið annan, elsku Halli minn!

Halli: Hvar er ormurinn, amma?

(Friðþjófur hugsar og virðist agalega hissa. Halli bendir á lítið búr með bláum vökva í. Þar situr ormur með gulan hatt, greinilega skelkaður)

Halli: Þessi ormur kom frá sama stað og þú en við höfum ekki enn náð að tala við hann.

(Friðþjófur flissar)

Friðþjófur: Það er út af því að hann er heyrnarlaus en þetta er hann Brandur, hann hvarf sporlaust fyrir þrem vikum og hans er saknað heima.

Halli: Honum er allavega búið að líða agalega vel hjá henni ömmu.

Amma: Jú, jú Halli en þú veist að hann á heima annars staðar, þar á hann að vera, elsku litli ljúfurinn.

Halli: Amma mín, Friðþjófur er kominn til að taka orminn heim.

Amma: Ja, en sú lukka (klappar einu sinni). Ég á nú samt eftir að sakna hans, litli snúðurinn minn.

(Friðþjófur lítur í kringum sig og sér smákökur)

Friðþjófur: Hvað er nú eiginlega þetta?

(Finnur ilminn af kökunum hennar ömmu gömlu)

Halli: Þetta eru, skal ég þér segja, bestu smákökur sem alheimurinn hefur upp á að bjóða.

Amma: Komdu og fáðu þér bita.

(Friðþjófur hámar í sig)

Friðþjófur: *Ohh nammi, þetta er það ljúffengasta sem að ég hef smakkað!*

(Halli horfir á ömmu gömlu með mikilli sannfæringu)

Halli: Ég sagði þér það. (Amma gamla roðnar)

Amma: Takið nú nokkrar kökur með ykkur heim elskurnar, þið getið gefið vinum ykkar að smakka.

Friðþjófur: Kærar þakkir, amma.

(Friðþjófur tekur við kökum og þegar amma og Halli líta undan, laumast hann til að taka nokkrar í viðbót)

Halli: Jæja, það er ekki mikil orka eftir í vélinni minni. Eruð þið tilbúnir að fara heim félagar?

(Amma brosir blítt. Halli tekur upp kerid með Brandi)

Halli: Jæja, amma vill að þú farir heim litli ormur, vinkaðu nú.

Friðþjófur: Bless, amma og takk fyrir kökurnar.

(Þeir fara aftur á vísindastofuna)

Halli: Jæja, eruð þið tilbúnir, Friðþjófur og Brandur?

Friðþjófur: Veit ekki með Brand en ég er tilbúinn.

(Brandur horfir reiðilega á Friðþjóf)

Friðþjófur: Eee, jú jú, Brandur er líka tilbúinn.

Halli: Góða ferð!

(Halli þykist ýta á takka og ekkert gerist)

Halli: Ekki hélduð þið að ég myndi sleppa ykkur svona auðveldlega?

Friðþjófur: Ha? Hvað ... Hvað meinarðu?

Halli: Eins mikið og ég elska hana ömmu, þá má hún alveg halda að ég hafi skilað ykkur.

Friðþjófur: Ha? Ætlarðu ekki að senda okkur heim?

Halli: Heldur þú virkilega að ég ætli að leyfa ykkur skrítnu verum að sleppa eftir að afi, pabbi og ég erum búnir að eyða öllum okkar tíma í að búa til þessa vél? (Hann hlær.)

Friðþjófur (hvíslar): Ó, jeminn eini, Brandur, núna veit ég ekki hvað við eigum að taka til bragðs.

Halli: Ég verð allavega að vita úr hverju þið eruð fyrst, þannig að ef þið komist til baka þá verður það að minnsta kosti ekki lifandi. Það þarf að gera rannsóknir á ykkur, taka myndir og svo verð ég rosalega frægur og ríkur. Þið verðið bara sýningardýr. (Hann hlær hátt.)

Friðþjófur: Ég er orðinn leiður á svona leiðindaskjóðum (tekur tilhlaup og æpir): Súper sónik ofurstökk!

Friðþjófur þeytist upp í loft og tekur sitt ofurstökk og það stærra en nokkurn tímann fyrr. Hann lendir ofan á Halla og kúlan (utan um hausinn) á Friðþjófi brotnar í þúsund mola.

Friðþjófur: Brandur, ég náði að rota hann.

(Brandur hoppar upp úr búrinu)

Friðþjófur: Fljótur, hoppaðu upp á öxlina á mér.

(Friðþjófur þrýstir á takkann og Brandur og Friðþjófur hoppa inn í vélina hans Halla. Þeir hverfa skjótt.

Blái vökvinn úr kúlunni byrjar að leka meðfram vélinni hans Halla en þá heyrir bilunarhljóð í vélinni og það kviknar í. Halli rankar við sér, lítur í kringum sig og hleypur til ömmu sinnar)

Halli: Amma, amma það er komin eldur, við verðum að koma okkur út og það strax.

(Þau hlaupa út og horfa á húsið brenna)

Halli: Ó, nei, fjölskylduuppfinningin, 60 ára vinna, öll farin í ruslið. Mér mun aldrei takast að fullkomna annað slíkt snilldareintak. Núna verð ég aldrei frægur og ríkur. (Hann grætur.)

Amma: Ó, segðu mér að elsku ormurinn minn og Friðþjófur hafi komist heim heilir að húfi!

Halli: Æ, Amma (ranghvolfir augunum)!

Hinumegin í alheiminum

(hóst!)

Friðþjófur: Vá, Brandur gerum þetta aftur!

(Brandur er ekki sammála)

Friðþjófur: Ég er að grínast, er ekki barasta tími kominn fyrir þig að fara heim?

Brandur horfir þreytulega á Friðþjóf og kinkar kolli. Þeir líta báðir aftur fyrir sig og sjá að holið er alveg horfið og eina sem er eftir er grænn reykur. Geimskip kemur ofan úr loftinu.

Mamma Brands: Elsku Brandur minn!

Brandur horfir stórum augum og brosir til mömmu sinnar.

Mamma Brands: Hvar í ósköpunum hefurðu verið?

(Brandur hreyfir munninn á skringilegan hátt og mamma hans starir á Friðþjóf)

Friðþjófur: Löng saga.

(Brandur hreyfir munninn aftur í átt að móður sinni)

Mamma Brands: Ó, elsku hetjan mín! (knúsar Friðþjóf)

Dagblaðið daginn eftir:

FRIÐÞJÓFUR nefndur Hetja eftir að hann SKILAR BRANDi ormi og lokar banvæna holinu.

Friðþjófur mætir í skólann og Mína kemur hlaupandi til hans og knúsar hann:

Mína: Ó, Friðþjófur, það er svo gott að fá þig aftur, ég var svo hrædd um þig.

(Friðþjófur roðnar)

Friðþjófur: Ég var nú líka frekar hræddur, þetta var allt svolítið skrítið þarna hinum megin. Það munaði minnstu að við hefðum aldrei komist aftur heim.

(Mína brosir blítt. Svo gengur ofurhetjuklúbburinn að Friðþjófi)

Bolli: Vá, Friðþjófur, ekki vissi ég að þú hefðir þetta í þér?! Komst heim með Brand eftir allan þennan tíma.

Nóla: Megum við kannski endurskoða það að fá þig í klubbinn okkar? Þú ert sá eini hér sem hefur farið í gegnum geimhol á framandi heimi og komið aftur sem sönn hetja og bjargvættur.

(Friðþjófur roðnar)

Mína: Þið ættuð nú frekar að spyrja hvort þið megið vera í súper sónik klúbbi Friðþjófs.

(Ofurhetjuklúbburinn bakkar vandræðalega frá og krakkar koma hlaupandi að Friðþjófi)

Krakki: Vá, Friðþjófur ofurhetja!

Krakki 2: Má ég fá eiginhandararitun?

Krakki 3: Getur þú sagt okkur söguna?

(Mína horfir stolt á Friðþjóf og bendir á bókina sína og svo á bókasafnið. Friðþjófur skrifar tvær eiginhandaráritanir og horfir svo á eftir Mínú)

Friðþjófur: Hei, Mína, bíddu!

(Mína snýr sér við)

Mína: Hvað?

Friðþjófur: Þurfum við ekki að klára kafla tvö af Köngulær í geimnum?

Mína: Hí hí, er reyndar komin á kafla þrettán en við getum alveg lesið yfir þetta saman.

(Friðþjófur gengur til Mínú og setur hreyfann yfir vinkonu sína)

Friðþjófur: Jú, gerum það, ég er alveg búinn að fá mig fullsaddan af hetjuskap í bili.

(Þau ganga saman inn á bókasafn)

- ÉNDIR -